

AUGLÝSING

um samning um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja.

Samningur milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar konungsríkisins Danmerkur og landstjórnar Færeyja hins vegar um afmörkun hafsvæðisins milli Færeyja og Íslands, sem gerður var í Kaupmannahöfn og Reykjavík 1. og 2. febrúar 2007, öðlaðist gildi 29. apríl 2008. Alþingi hafði hinn 16. mars 2007, með þingsályktun nr. 20/133, heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.

F. h. r.

Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

**SAMNINGUR MILLI
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS ANNARS VEGAR OG
RÍKISSTJÓRNAR KONUNGRÍKISINS DANMERKUR OG
LANDSTJÓRNAR FÆREYJA HINS VEGAR
UM AFMÖRKUN HAFSVÆÐISINS
MILLI FÆREYJA OG ÍSLANDS.**

Ríkisstjórn Íslands annars vegar og ríkisstjórn konungsríkisins Danmerkur og landstjórn Færeyja hins vegar,

sem óska þess að viðhalda og styrkja hið góðu nágrennasamband milli Danmerkur/Færeyja og Íslands,

sem vísa til samþykkrar fundargerðar sem var undirrituð í Þórshöfn hinn 25. september 2002, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Markalínan milli hluta aðilanna af landgrunninu, sem jafnframt er markalínan milli fiskveiðilögsögunnar við Færeyjar og sérefnahagslögsögu Íslands á svæðinu milli Færeyja og Íslands, þar sem fjarlægðin milli grunnlína hvors um sig er minni en 400 sjómílar, er byggð á miðlínu milli viðkomandi strandlína Færeyja og Íslands ásamt þeim breytingum til aðlögunar og sérákvæðum sem aðilarnir hafa orðið ásáttir um. Markalínan er ákvörðuð sem beinar línur milli eftirfarandi punkta í neðangreindri röð:

200M (N)	65-41-22.63N	5-34-42.22V
1	65-30-26.28N	6-05-08.98V
2	65-13-03.52N	6-47-11.81V
3	64-30-00.00N	8-13-30.37V
4	64-00-00.00N	9-15-00.70V
5	63-30-00.00N	10-18-53.63V
6	62-32-21.56N	12-08-43.42V
7	61-55-34.00N	12-57-51.48V
8	61-34-02.80N	13-18-22.87V
200M (S)	60-42-34.69N	13-59-56.43V

Aðilarnir eru enn fremur sammála um að koma á sérstakri skipan vegna tiltekins svæðis sem teygir sig út beggja vegna markalínunnar sunnan 63° 30' N („sérsvæðið“) og afmarkast með beinum línun milli eftirfarandi punkta:

1	62-32-21.56N	12-08-43.42V
2	62-33-25.54N	12-07-15.81V
3	62-35-46.04N	12-04-02.29V
4	63-05-16.56N	11-16-18.81V
5	63-12-09.71N	11-03-30.66V
6	63-22-44.79N	10-42-58.15V
7	63-30-00.00N	10-28-42.46V
8	63-30-00.00N	10-18-53.63V
9	63-30-00.00N	10-05-35.64V
10	63-27-47.77N	10-09-46.44V
11	63-18-07.28N	10-31-19.46V
1	62-32-21.56N	12-08-43.42V

Allar beinar línur eru landfræðilegar línur.

Framangreindir punktar eru ákvarðaðir í landfræðilegri breidd og lengd með tilliti til World Geodetic System 1984 (WGS84).

Markalínan og framangreindir punktar eru til útskýringar merktir inn á uppdrátt sem er fylgiskjal með samningi þessum.

2. gr.

Bæði færeysk og íslensk skip geta nýtt réttinn til fiskveiða á öllu sérsvæðinu samkvæmt þeim reglum og ákvæðum sem um þau gilda í eigin fiskveiðilögsögu. Þau skulu eingöngu háð eftirliti og lagaframkvæmd af hálfu eigin yfirvalda.

Aðilunum er frjálst að stunda vísindalegar hafrannsóknir á öllu sérsvæðinu að frátalinni starfsemi sem lýtur að jarðefnaauðlindum á hafsbotni og í jarðlögum hans.

Valdi starfsemi, er um ræðir í þessari grein, öðrum aðilanum vanda getur hann farið þess á leit við hinn aðilann að efnt verði til samráðsfunda. Halda ber samráðsfundi eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 60 dögum eftir að fyrrnefndri beiðni er veitt viðtaka.

3. gr.

Finnist jarðefnaauðlind í eða á landgrunni annars aðilans og hinn aðilinn er þeirrar skoðunar að auðlindin teygi sig inn á landgrunn hans getur síðarnefndi aðilinn, með framlagningu þeirra gagna sem þessi skoðun byggist á, komið henni á framfæri við fyrrnefnda aðilann.

Þegar slíkri skoðun er komið á framfæri skulu aðilarnir hefja viðræður um umfang auðlindarinnar og nýtingarmöguleika. Í viðræðunum skal aðilinn, sem hafði frumkvæði að þeim, rökstyðja skoðun sína með sönnunargögnum af jarðeðlisfræðilegum og jarðfræðilegum toga, þ.m.t. gögnum frá borunum, þegar slík gögn eru fyrir hendi, og skulu báðir aðilar gera sitt ítrasta til þess að tryggja að allar upplýsingar um málið liggi fyrir í viðræðunum. Ef í ljós kemur í viðræðunum að auðlindin nái yfir landgrunn beggja aðila, ásamt því að unnt sé að nýta auðlindina á landgrunni annars aðilans að öllu eða einhverju leyti frá landgrunni hins aðilans, eða að nýting auðlindarinnar á landgrunni annars aðilans hafi áhrif á nýtingarmöguleika auðlindarinnar á landgrunni hins aðilans, skal að ósk annars aðilans gera samning um nýtingu auðlindarinnar, meðal annars um hvernig nýta má slíka auðlind með sem mestum árangri og um hvernig skipta ber ávinningnum.

Aðilarnir skulu gera sitt ítrasta til þess að leysa sérhvern ágreining eins fljótt og við verður komið. Nái aðilar ekki samkomulagi skulu þeir í sameiningu skoða allar færar leiðir til þess að leiða málið til lykta, meðal annars að leita eftir umsögnum óháðra sérfræðinga.

4. gr.

Samningur þessi hefur ekki áhrif á önnur afmörkunarmál milli konungsríkisins Danmerkur og Íslands.

5. gr.

Samningur þessi öðlast gildi þegar aðilar hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið.

Gjört í Kaupmannahöfn og Reykjavík 1. og 2. febrúar 2007 í tveimur eintökum á íslensku, dönsku og færeysku og skulu textarnir þrír vera jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands
Valgerður Sverrisdóttir

**Fyrir hönd ríkisstjórnar
konungsríkisins Danmerkur**
Per Stig Møller

Fyrir hönd landstjórnar Færeyja
Jóannes Eidesgaard

**OVERENSKOMST MELLE
ISLANDS REGERING PÅ DEN ENE SIDE OG
KONGERIGET DANMARKS REGERING SAMMEN MED
FÆRØERNES LANDSSTYRE PÅ DEN ANDEN SIDE
OM DEN MARITIME AFGRÆNSNING I
OMRÅDET MELLE FÆRØERNE OG ISLAND**

Islands regering på den ene side og Kongeriget Danmarks regering sammen med Færøernes landsstyre på den anden side er

ud fra ønsket om at fastholde og styrke det gode naboforhold mellem Island og Danmark/Færøerne

under henvisning til "Agreed Minutes", undertegnet i Tórshavn den 25. september 2002

blevet enige om følgende:

Artikel 1

Grænselinjen mellem parternes dele af kontinentalsoklen, som tillige udgør grænselinjen mellem Islands eksklusive økonomiske zone og fiskeriterritoriet ved Færøerne i området mellem Island og Færøerne, hvor afstanden mellem deres respektive basislinjer udgør mindre end 400 sømil, er baseret på midtlinjen mellem de relevante kyststrækninger på Island og Færøerne med de tilpasninger og særlige bestemmelser, som parterne er blevet enige om. Grænselinjen er fastsat som rette linjer mellem følgende punkter i den rækkefølge, som er angivet nedenfor:

200M (N)	65-41-22.63N	5-34-42.22W
1	65-30-26.28N	6-05-08.98W
2	65-13-03.52N	6-47-11.81W
3	64-30-00.00N	8-13-30.37W
4	64-00-00.00N	9-15-00.70W
5	63-30-00.00N	10-18-53.63W
6	62-32-21.56N	12-08-43.42W
7	61-55-34.00N	12-57-51.48W
8	61-34-02.80N	13-18-22.87W
200M (S)	60-42-34.69N	13-59-56.43W

Parterne er endvidere blevet enige om at etablere en særlig ordning for et område, der udstrækker sig på begge sider af grænselinjen syd for 63° 30' N ("Det særlige Område") og er afgrænset ved rette linjer mellem følgende punkter:

1	62-32-21.56N	12-08-43.42W
2	62-33-25.54N	12-07-15.81W
3	62-35-46.04N	12-04-02.29W
4	63-05-16.56N	11-16-18.81W
5	63-12-09.71N	11-03-30.66W
6	63-22-44.79N	10-42-58.15W
7	63-30-00.00N	10-28-42.46W
8	63-30-00.00N	10-18-53.63W
9	63-30-00.00N	10-05-35.64W
10	63-27-47.77N	10-09-46.44W
11	63-18-07.28N	10-31-19.46W
1	62-32-21.56N	12-08-43.42W

Alle rette linjer er geodætiske linjer.

De ovenfor nævnte punkter er defineret i geografisk bredde og længde i henhold til World Geodetic System 1984 (WGS84).

Grænselinjen og ovennævnte punkter er til illustration indtegnet på den kortskitse, som er vedlagt denne overenskomst.

Artikel 2

I hele Det særlige Område kan retten til fiskeri udøves af såvel islandske som færøske fartøjer i overensstemmelse med de regler og forskrifter, som er gældende for dem i deres respektive fiskerijurisdiktionszoner. De skal alene være underlagt kontrol og håndhævelse af deres egne respektive myndigheder.

I hele Det særlige Område kan parterne med egne fartøjer tilsvarende frit drive videnskabelig havforskning, bortset fra aktiviteter, der retter sig imod mineralske ressourcer på havbunden og i dens undergrund.

Såfremt en aktivitet i henhold til denne artikel volder problemer for en af parterne, kan denne part anmode den anden part om konsultationer. Sådanne konsultationer skal afholdes snarest, og senest 60 dage efter modtagelsen af en sådan anmodning.

Artikel 3

Dersom der konstateres en mineralforekomst i eller på den ene parts kontinentalsokkel, og den anden part er af den opfattelse, at forekomsten strækker sig ind på dennes kontinentalsokkel, kan den sidstnævnte part ved fremlæggelse af det materiale, hvorpå opfattelsen støttes, gøre dette gældende over for den førstnævnte part.

Dersom en sådan opfattelse gøres gældende, skal parterne indlede drøftelser om forekomstens udstrækning og muligheden for udnyttelse. Under disse drøftelser skal den part, som har taget initiativ til dem, underbygge sin opfattelse med bevismateriale hidrørende fra geofysiske data og geologiske data, herunder boredata, når sådanne måtte foreligge, og begge parter skal gøre sig størst mulige bestræbelser for at sikre, at alle relevante informationer stilles til rådighed for disse drøftelser. Dersom det ved drøftelserne konstateres, at forekomsten strækker sig over begge parters kontinentalsokkel, samt at forekomsten på den ene parts kontinentalsokkel helt eller delvis vil kunne udnyttes fra den anden parts kontinentalsokkel, eller at udnyttelsen af forekomsten på den ene parts kontinentalsokkel ville påvirke mulighederne for udnyttelse af forekomsten på den anden parts kontinentalsokkel, skal der på begæring af en af parterne træffes aftale om udnyttelsen af forekomsten, herunder om hvorledes en sådan forekomst kan udnyttes mest effektivt, og om hvordan udbyttet skal fordeles.

Parterne skal gøre deres yderste for at løse enhver uenighed så hurtigt som muligt. Såfremt parterne ikke når til enighed, skal de i fællesskab overveje alle foreliggende muligheder for at bringe den fastlåste situation til ophør, herunder ved at indhente udtalelser fra uafhængige eksperter.

Artikel 4

Denne overenskomst er uden præjudice for andre afgrænsningsspørgsmål mellem Island og Kongeriget Danmark.

Artikel 5

Denne overenskomst træder i kraft, når parterne skriftligt har meddelt hinanden, at de hertil nødvendige procedurer er afsluttet.

Udfærdiget i København og Reykjavík den 1. og 2. februar 2007 i to eksemplarer på islandsk, dansk og færøsk, således at de tre tekster har samme gyldighed.

For Islands regering
Valgerður Sverrisdóttir

For Kongeriget Danmarks regering
Per Stig Møller

For Færøernes landsstyre
Jóannes Eidesgaard

**Sáttmáli millum
stjórn Íslands øðrumegin og
stjórn Danmarkar kongsríkis saman við
Føroya landsstýri hinumegin
um marknaseting
á havleiðunum millum Íslands og Føroya**

Stjórn Íslands øðrumegin og stjórn Danmarkar kongsríkis saman við Føroya landsstýri hinumegin eru

eftir ynskinum um at varðveita og styrkja góð grannaviðurskifti millum Íslands og Danmarkar/Føroya

vísandi til fundarsemju “Agreed Minutes”, undirritað í Tórshavn tann 25. septembur 2002

vorðin samd um hetta:

Grein 1

Marknalinjan millum partanna lutir av landgrunninum, sum eisini er marknamót millum serbúskaparliga øki Íslands og fiskiveiðiumveldi Føroya á havleiðunum millum Íslands og Føroya, har teinurin millum grundlinjur teirra er undir 400 fjórðingar, er grundað á miðlinjuna millum viðkomandi strendur í Íslandi og Føroyum við teimum tillagingum og serligu ásetingum, sum partarnir eru vorðnir samdir um. Marknalinjan er ásett sum rættar linjur millum hesi punkt í teirri raðfylgju, sum ásett er niðanfryri:

200M (N)	65-41-22.63N	5-34-42.22W
1	65-30-26.28N	6-05-08.98W
2	65-13-03.52N	6-47-11.81W
3	64-30-00.00N	8-13-30.37W
4	64-00-00.00N	9-15-00.70W
5	63-30-00.00N	10-18-53.63W
6	62-32-21.56N	12-08-43.42W
7	61-55-34.00N	12-57-51.48W
8	61-34-02.80N	13-18-22.87W
200M (S)	60-42-34.69N	13-59-56.43W

Partarnir eru eisini vorðnir samdir um at fáa í lag serliga skipan fyri eitt øki, sum gongur báðumegin marknamótið sunnan fyri 63° 30' N (“Serøkið”) og er avmarkað við beinum linjum millum hesi punkt:

1	62-32-21.56N	12-08-43.42W
2	62-33-25.54N	12-07-15.81W
3	62-35-46.04N	12-04-02.29W
4	63-05-16.56N	11-16-18.81W
5	63-12-09.71N	11-03-30.66W
6	63-22-44.79N	10-42-58.15W
7	63-30-00.00N	10-28-42.46W
8	63-30-00.00N	10-18-53.63W
9	63-30-00.00N	10-05-35.64W
10	63-27-47.77N	10-09-46.44W
11	63-18-07.28N	10-31-19.46W
1	62-32-21.56N	12-08-43.42W

Allar rættar linjur eru skammlinjur.

Punktini, nevnd eru omanfyri, eru allýst í landafrøðiligari breidd og longd í samsvari við World Geodetic System 1984 (WGS84).

Marknalinjan og nevndu punkt eru til mynd teknað inn á ta kortskitsu, sum liggur saman við hesum sáttmála.

Grein 2

Á øllum Serøkinum kunnu bæði íslensk og føroysk før brúka rættindi til fiskiskap í samsvari við tær reglur og fyriskipanir, sum galda fyri tey í teirra veiðuløgðømisøkjum hvørt í sínum lagi. Tey skulu bara verða undir eftirliti og handhevjan hvørt av sínum egnu myndugleikum.

Á øllum Serøkinum kunnu partarnir við egnum fòrum samsvarandi frítt granska havið vísindaliga, undantikið er virkseimi, sum miðar eftir mineraltilfeingi á havbotninum ella í undirgrundini.

Elvir virkseimi sambært hesi grein øðrum parti trupulleikar, kann hesin partur biðja hin partin um samráð. Slík samráð skulu verða gjørd skjótast til ber og í seinasta lagi 60 dagar eftir, at slík umbøn er fingin í hendi.

Grein 3

Verða mineral staðfest í ella á landgrunninum hjá øðrum parti, og hin partur hevur ta fatan, at fundurin røkkur inn á landgrunnin hjá sær, kann seinni nevndi við at leggja fram tilfar, sum stuðlar upp undir fatanina, gera hana galdandi móttvegis fyrr nevnda parti.

Skuldi slík fatan verið gjørd galdandi, skulu partarnir fara undir samráðingar um, hvussu víða fundurin fevnir, og hvussu móguleikarnir eru at troyta hann. Í hesum samráðingum skal tann partur, sum hevur tikið stig til tær, stuðla uppundir sína fatan við próvtilfari hesum viðvíkjandi við jarðalisfrøðiligum upplýsingum og jarðfrøðiligum upplýsingum, heruppií upplýsingum frá boringum, eru slíkar til skjals, og báðir partar skulu stremba eftir at tryggja sær, at allar viðkomandi upplýsingar eru til taks til hesar samráðingar. Verður staðfest í samráðingunum, at fundurin røkkur inn á landgrunnin hjá báðum pørtum, umframt at fundurin á landgrunninum hjá øðrum partinum fult ella lutvíst kann troytast úr landgrunninum hjá hinum partinum, ella at troytan av fundinum á landgrunninum hjá øðrum parti kann ávirka móguleikarnar at troyta fundin úr landgrunninum hjá hinum partinum, skal eftir áheitan frá øðrum parti semja verða gjørd um at troyta fundin, heruppií um, hvussu slíkur fundur kann verða troyttur til lítar og um, hvussu úrtøkan skal verða býtt.

Partarnir mugu stremba eftir at loysa eina og hvørja ósemju skjótast til ber. Semjast partarnir ikki, skulu teir í felag hugsa um ein og hvønn móguleika, sum tøkur er, til tess at fáa úr aftur naggatódnina, eisini at útvega sær ummæli frá óheftum serfrøðingum.

Grein 4

Hesin sáttmáli skal ikki verða fordømi fyri aðrar marknasurningar millum Íslands og Danmarkar kongsríkis.

Grein 5

Hesin sáttmáli kemur í gildi, tá ið partarnir skrivliga hava boðað hvør øðrum frá, at neyðugu mannagongdirnar til tess eru loknar.

Gjørdur í Keypmannahavn og Reykjavík hin 1. og 2. februar 2007 í tveimum eintøkum á íslenskum, donskum og føroyskum soleiðis, at allir triggir tekstir hava sama gildi.

Fyri stjórn Íslands
Valgerður Sverrisdóttir

Fyri stjórn Danmarkar kongsríkis
Per Stig Møller

Fyri Føroya landsstýri
Jóannes Eidesgaard